



Lúxemborg 29. júní 2006

Fréttatilkynning 07/2006

Dómur í sameinuðum málum E-5/05, E-6/05, E-7/05, E-8/05 og E-9/05 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein*

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm í máli eftirlitsstofnunar EFTA gegn furstadæminu Liechtenstein. Eftirlitsstofnunin krafðist þess að dómstóllinn lýsti því yfir að Liechtenstein hefði ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum með því að leiða ekki í lög, innan tilskilins frests, eftirfarandi fimm tilskipanir á sviði fjarskipta: tilskipun 2002/77/EB um samkeppni á mörkuðum fyrir rafræn fjarskiptanet og þjónustu; tilskipun 2002/19/EB um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang); tilskipun 2002/20/EB um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun); tilskipun 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun); og tilskipun 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu).

Tilskipanirnar voru teknar upp í EES-samninginn með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2003 frá 7. nóvember 2003 og nr. 11/2004 frá 6. febrúar 2004. Tímafrestur EES/EFTA-ríkjanna til að samræma löggjöf sína tilskipununum rann út 1. nóvember 2004.

Í vörn sinni í málinu tilgreindi Liechtenstein ástæður fyrir þeim tögum sem hefðu valdið því að landsréttur hefði ekki verið aðlagður tilskipununum innan tilskilins frests. Ríkisstjórn Liechtenstein andmælti því þó ekki að um brot á 7. gr. EES og ákvæðum tilskipananna væri að ræða.

Í dómnum kemur fram að 7. gr. EES gerir ekki ráð fyrir að samningsaðilar geti borið fyrir sig lagareglur, réttarframkvæmd eða aðstæður í réttarumhverfi þeirra, til að réttlæta að ekki hefur verið staðið við samningsskuldbindingar innan tilskilins frests.

Niðurstaða dómstólsins er sú að Liechtenstein hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt tilskipununum og 7. gr. EES-samningsins með því að samræma ekki löggjöf í Liechtenstein umræddum tilskipunum innan tilskilins frests.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA dómstólsins: www.eftacourt.lu.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.